

9. gr.

Í samráði við hlutaðeigandi skólustjóra úrskurðar trúnaðarmaður um sérstök tilvik sem kunna að koma upp varðandi prófið eða framkvæmd þess. Telji trúnaðarmaður eða skólustjóri það nauðsynlegt, skal hafa samband við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála um lausn vandamálsins.

10. gr.

Í sérstökum tilvikum geta nemendur þurft að hætta próftöku eftir að próf er hafið t.d. vegna veikinda. Aðrar ástæður geta einnig talist gildar til að nemandi hætti próftöku. Trúnaðarmaður og skólustjóri meta hvort ástæða er gild eða ekki. Trúnaðarmaður sér til þess að prófhefti nemanda sem verður að hætta próftöku, séu sérstaklega merkt, ástæða skráð og fylgi prófheftum viðkomandi nemanda.

11. gr.

Þegar gengið er frá úrlausnum að prófi loknu, sér trúnaðarmaður til þess að þeim sé raðað í samræmi við nafnalista nemenda, hvert hefti fyrir sig í sérstökum bunka.

12. gr.

Trúnaðarmaður sér um að koma prófúrlausnum til Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála strax að loknu prófi, með ábyrgðarpósti eða á annan tryggilegan hátt.

13. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 516/1996 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum, sbr. 46. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 26. mars 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 433/1995 um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. hljóðar svo:

Viðvörðunin skal vera skýr og læsileg, feitletuð, prentuð á bakgrunn sem sker sig frá og á þann hátt að ekki sé hætt á að hún skemmist þegar umbúðirnar eru opnaðar og ekki vera prentuð á gagnsæjar umbúðir eða aðrar ytri umbúðir. Stærð viðvarana skal vera skv. 3. mgr. 3. gr. á umbúðum vindlinga en 2. mgr. 4., 5. og 6. gr. á öðrum tóbaksumbúðum, sbr. 7. gr. um myndmerkingar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996, tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. mars 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.